

Ríki dagblaðanna.

Eftir

MAX NORDAU.

Hvernig er því varið, að blöðin skuli hafa jafn mikið vald og áhrif í þjóðfélaginu, og þau hafa?

Það hefir verið reynt að útskýra það á þann hátt, að þau væri aðalsál viðskifta og verslunarlífsins, og það væri eiginlega ekki blöðin sjálf, heldur peningamagnið, er skapaði þeim valdið og velgengnina. En vér álitum það ekki nauðsynlegt, að fara út í neinar deilur við þá menn, er halda fram þeirri skoðun, og álíta auglýsingadálka aðal afl siðmenningarinnar. Sú skoðun getur ekki orðið neitt deiluefni. Hún er að eins eitt, þetta gamla mótlæti, sem þeir eiga við að stríða, er ekki geta fallist á það, að sálin taki ekki nema í naflastað hjá mönnum yfirleitt, að maginn sé drottinn herskaranna.

Ekki er heldur hægt að tilreikna fréttadálkunum þau áhrif. Sem fréttaregistur myndi blöðin aldrei skipa æðra sess en sögu-kerlingin eða slúðurkarlinn, er ferðast hús úr húsi og borgar fyrir beinann með óhróðurssögum um náungann. Það blað, sem aldrei flytti neitt annað en samansoðna fréttapistla, myndi ekki halda vöku fyrir nokkurri landstjórn, eða umskapa almenningsálitið.

Það er annað svar gegn þessari spurningu. Það er, að blöðin sé uppfræðslustofnun almúgans og útbreiðslumiðill vísindalegrar þekkingar. Þetta svar er einnig ófullkomið og ónákvæmt. Í fyrsta lagi er vísindalegt gildi blaðanna mjög smátt, og svo í öðru lagi er reynslan margbúin að sanna það, að hin beztu vísindalegu tímarit hafa mikið minni verkanir á hugsunarhátt lesendanna, en hver móflekkióttur pólitískur snepill, sem út er gefinn, og þau eru mikið minna keypt og ver borguð.

Það er ekki auglýsingunum, ekki fréttunum, ekki menntamálagreinunum að þakka áhrif þau, sem blöðin hafa á hugi manna, heldur stefnu þeirri, sem kemur fram í blöðunum yfirleitt, að ræða og útskýra hinar stjórnfræðislegu og heimspekilegu hugsjónir, er þjóðarsíðmenningin hvílir á, og að ræða þær á